20 Framhaldsskólar

1. UMFANG

Stjórnarmálefni á þessu málefnasviði heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Málefnasviðið skiptist í fjóra málaflokka:

- Framhaldsskólar.
- Tónlistarfræðsla.
- Vinnustaðanám og styrkir.
- Jöfnun námskostnaðar.

Framhaldsskólar. Meginverkefni málaflokksins er rekstur, kennsla og nám á framhaldsskólastigi. Um málaflokkinn gilda lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Þau taka til opinberra framhaldsskóla og annarra framhaldsskóla, bæði skóla sem hlotið hafa viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi og skóla sem ekki hafa hlotið viðurkenningu. Skólarnir bjóða ýmist upp á almennt eða sérhæft nám. Undir málaflokkinn falla einnig starfsþróun kennara, námskrárgerð, innleiðing og eftirfylgni með aðalnámskrá.

Um 50 skólar sem bjóða nám á framhaldsskólastigi fá framlög úr ríkissjóði á grunni mismunandi tegunda samninga við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar af bjóða 30 þeirra fjölbreytt heildstætt nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólasamningar hafa verið gerðir við opinbera framhaldsskóla, þjónustu- og skólasamningar um fjárframlög til kennslu eru gerðir við viðurkennda framhaldsskóla og rekstrarsamningar um fjárframlög til kennslu við skóla sem ekki eru viðurkenndir af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Tónlistarfræðsla. Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögunum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng. Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.

Vinnustaðanám og styrkir. Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð, nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi.

Jöfnun námskostnaðar. Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki, nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Í töflunni hér á eftir má sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2016–2018.

Heildarútgjöld í m.kr.	Reikningur 2016	Fjárlög og fjáraukalög 2017	Fjárlög 2018
20 Framhaldsskólastig			
20.10 Framhaldsskólar	26.745	28.889	30.172
20.20 Tónlistarfræðsla	520	537	545
20.30 Vinnustaðanám og styrkir	255	245	243
20.40 Jöfnun námskostnaðar	542	628	629
Samtals	**28.062**	**30.298**	**31.589**

2. STARFSEMI OG HELSTU ÁSKORANIR

Nám á framhaldsskólastigi er ekki skylda en fræðsluskylda er til 18 ára aldurs, þ.e. allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga rétt á að hefja framhaldsskólanám og stunda það til 18 ára aldurs. Alls 98,3% þeirra sem útskrifuðust úr grunnskóla vorið 2017 hófu nám í framhaldsskóla þá um haustið. Af þeim fengu 88% umsækjenda skólavist í þeim skóla sem þeir settu sem fyrsta val og 10% í þeim skóla sem þeir settu sem annað val. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (sjá einnig málaflokk 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig). Í samræmi við stefnu stjórnvalda um að styðja við sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla voru samræmd könnunarpróf flutt frá hausti fram á vor árið 2017. Þetta þýðir að framvegis taka nemendur í 9. bekk prófin að vori í stað þess að nemendur 10. bekkjar taki þau að hausti. Almennt gefa niðurstöður tækifæri til einstaklingsmiðaðs náms í 10. bekk sem eykur líkur á að fleiri nemendur verði vel undirbúnir fyrir það framhaldsskólanám sem hugur þeirra stendur til.

Árið 2013 voru rúmlega 20.000 ársnemendur, þ.e. nemendur í fullu námi, í opinberum og viðurkenndum framhaldsskólum. Síðan þá hefur þeim fækkað og er búist við um 4.000 færri ársnemendum árið 2020. Eftir það gera spár ráð fyrir nokkurri fjölgun eða um 9% fram til ársins 2027. Í meðfylgjandi töflu má sjá rauntölur og spár um þróun ársnemenda eftir landshlutum.

	Raunfjöldi 2015	Raunfjöldi 2016	Raunfjöldi 2017	Fjárlög 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Höfuðborgarsvæðið	12.753	12.575	12.500	12.128	11.435	10.815
Vesturland	829	833	832	832	749	716
Vestfirðir	741	769	726	736	681	655
Norðurland	221	236	225	225	203	194
Austurland	2.461	2.416	2.380	2.307	2.148	2.075
Suðurland	515	503	486	443	437	415
Suðurnes	1.211	1.155	1.180	1.225	1.062	1.001
Landið allt	**18.731**	**18.487**	**18.329**	**17.896**	**16.714**	**15.869**

Fækkun nemenda hefur verið hlutfallslega mest í fámennum skólum utan höfuðborgarinnar þar sem ársnemendur eru færri en 250. Þeir skólar eru nú tíu. Fækkunina má m.a. rekja til fámennari árganga úr grunnskóla og endurskipulagningar á námi til stúdentsprófs. Áhætta sem fylgir þessari áskorun eru erfiðleikar við að halda úti nógu fjölbreyttu námi, erfiðara er fyrir sérmenntaða kennara að fá fulla kennslu og það gæti orðið


erfiðara að uppfylla faglegar kröfur um stoðþjónustu og stjórnsýslu í skólum. Liður í því að standa vörð um gæði náms og kennslu í framhaldsskólum er að nú er unnið að kortlagningu framhaldsskólakerfisins. Þar er m.a. horft til þátta kennarans, námsumhverfisins og lærdómssamfélags skólans.

Árið 2016 sóttu 60% framhaldsskólanemenda stúdentsprófsbrautir, 30% starfsnámsbrautir og 10% undirbúningsnám samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Frá og með haustönn 2018 munu allir framhaldsskólar nema tveir kenna einungis þriggja ára námsbrautir til stúdentsprófs. Síðustu tveir skólarnir bætast við haustið 2019. Mikið ójafnvægi í vali og dreifingu nemenda í námi er áskorun, t.d. er val og dreifing nemenda á einstakar starfsnámsbrautir ekki í samræmi við framboð skólanna og tækifæri í atvinnulífinu. Á árunum 2012–2016 luku samanlagt 2.852 nemendur sveinsprófum í 38 iðngreinum. Af þeim lauk helmingur sveinsprófi úr aðeins fjórum greinum. Í samræmi við stefnu stjórnvalda um að efla starfsnám í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags er nú þegar í gangi mikilvægt upplýsinga- og kynningarstarf á vegum atvinnulífs, skóla, ráðuneytisins og sveitarfélaga um starfsmenntun, svo sem verkefnin „Verkiðn“, „GERT“ og „Kvennastarf“. Mikilvægt er að leggja áherslu á að allt starfsnám sé aðgengilegt öllum, óháð kyni.

Með lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, fengu skólarnir aukið umboð til stefnumótunar í námsframboði út frá sérstöðu þeirra og þörfum nemenda, nærsamfélags og atvinnulífs. Samtímis þurftu skólarnir að endurskipuleggja og endurskrifa allar námsbrauta- og áfangalýsingar. Tækifæri er til að auka samstarf milli skóla um skipulag og kennslu námsbrauta. Tækifæri er einnig til að auka samstarf við atvinnulífið um mótun starfsnámsbrauta og staðfestingarferli þeirra. Nauðsynlegt er að einfalda starfsnámskerfið og auka yfirsýn eins og fram kemur í athugasemdum Ríkisendurskoðunar frá 2017.

Brotthvarf er margþætt hugtak og hægt er að mæla það á mismunandi hátt eftir skilgreiningum. Meðfylgjandi mynd, sem unnin er úr gögnum frá Hagstofu Íslands, sýnir jákvæða aukningu á hlutfalli brautskráðra fjórum árum eftir innritun í framhaldsskóla. Aftur á móti er hlutfall þeirra sem teljast hafa horfið frá námi frekar stöðugt, í kringum 25%.

Hlutfall brautskráðra, brottfallina og enn í námi fjórum árum eftir upphaf náms



Liður í því að efla menntun í landinu og hækka menntunarstig þjóðarinnar er að vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskóla og skýra leiðir nemenda sem hafa horfið brott til að ljúka prófi úr framhaldsskóla (sjá málaflokk 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig). Skoðaðar verða aðrar tillögur sem komið hafa upp til að sporna gegn brotthvarfi, s.s. stofnsetning lýðháskóla. Til að leiðrétta misskilning um rétt nemenda 25 ára og eldri til bóknáms á framhaldsskólastigi eru tekin af öll tvímæli um hann.

Þegar horft er til hagsmuna nemenda og þjóðarinnar allrar er alvarlegasta afleiðing brotthvarfs að einstaklingar hætti að vera virkir í samfélaginu. Á Íslandi virðist þetta ekki vera mikil áskorun eins og sjá má á gögnum Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, Hún tekur saman svokallað NEET (e. Not in Education, Employment or Training) sem sýnir hlutfall mannfjölda á ákveðnu aldursbili sem er hvorki í námi, starfsþjálfun né á vinnumarkaði. Upplýsingar sem stofnunin tók saman frá 31 landi sýna að þetta hlutfall er lægst á Íslandi í öllum aldursflokkum. Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman niðurstöður á Norðurlöndunum fyrir árið 2016. Þar sem ekki eru birtar tölur er skýringin líklega fámenni í úrtakshóp.

	Alls (%)				Karlar (%)				Konur (%)			
Aldur:	20–34	20–24	25–29	30–34	20–34	20–24	25–29	30–34	20–34	20–24	25–29	30–34
EU-28	18,3	16,7	18,8	19,1	14,0	15,7	14,0	12,5	22,7	17,7	23,8	25,8
Danmörk	10,0	8,5	10,6	11,2	8,7	9,4	8,5	8,0	11,5	7,5	12,8	14,6
Finnland	15,0	14,6	14,9	15,4	12,3	15,7	12,0	9,5	17,8	13,5	17,9	21,7
Svíþjóð	8,3	9,3	8,0	7,5	7,5	9,7	6,6	6,1	9,1	8,8	9,4	9,1
Ísland	6,1	5,4	5,5	7,6	4,4	5,5	:	:	8,0	5,2	7,3	11,6
Noregur	10,1	8,4	10,2	11,6	9,4	9,0	9,3	10,0	10,8	7,9	11,2	13,3

Ástæður brotthvarfs úr skóla eru mjög margvíslegar. Töluvert er um að nemendur skipti um skóla og getur brotthvarfið þá verið af því að þeir eru að leita að öðru námi sem uppfyllir áhuga og framtíðarsýn þeirra. Niðurstöður í athugunum ráðuneytisins á brotthvarfi sýna að ástæður þess geta, auk slaks undirbúnings úr grunnskóla, verið lítil námsleg eða félagsleg skuldbinding, lítil trú á eigin getu, andleg vanlíðan eða lítill stuðningur og hvatning foreldra. Atvinnuástand virðist einnig hafa áhrif. Til að sporna gegn brotthvarfi er ætlunin m.a. að auka aðgengi nemenda að geðheilbrigðisþjónustu (sbr. málaflokk 24.1 Heilsugæsla). Niðurstöður kannana (sjá t.d. PISA-kannanir og skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar 2018) sýna að huga þarf sérstaklega að nemendum af erlendum uppruna sem standa höllum fæti í íslensku skólakerfi. Nemendum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli hefur fjölgað á Íslandi og staða þeirra innbyrðis er ólík (sjá einnig málaflokk 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig). Þróa þarf þjónustu og stuðning innan framhaldsskólanna til að stuðla að farsælli námsframvindu þessara nemenda. Til að gefa framhaldsskólum möguleika á að sinna nemendum í brotthvarfshættu var 800 m.kr. forgangsraðað í þágu þeirra.

Á síðustu árum hefur framlag til framhaldsskólastigsins hækkað umtalsvert samhliða fækkun nemenda í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs, eða um 12,6% milli áranna 2016 og 2018. Hækkunin gerir framhaldsskólum kleift að bæta gæði kennslu og námsframboðs auk þess að efla stoðþjónustu og endurnýja búnað og kennslutæki. Með aukinni og betri tölfræði (sjá einnig málaflokk 22.3 *stjórnsýsla mennta- og menningarmála*) og gagnsærri fjárveitingum er stefnt að aukinni skilvirkni í nýtingu fjár og auknum gæðum í námi og þjónustu. Á árinu 2018 verður haldið áfram að endurskoða útdeilingu fjárveitinga til framhaldsskóla, svokallað reiknilíkan. Líkanið er deililíkan sem auðveldar sýn á hvernig t.d.

námsframboð, samsetning nemendahóps og húsnæði hefur áhrif á kostnað við hvern ársnemanda eftir skólum. Það dregur einnig skýrar fram sérverkefni framhaldsskóla, svo sem alþjóðlegt nám og menntun fanga (sjá málaflokk 9.5 Fullnustumál). Áhrifa endurskoðunarinnar er þegar farið að gæta í útdeilingu fjármagns. Til að stuðla að markvissari nýtingu þess hefur staðið yfir endurskoðun á fyrirkomulagi á listdansi á framhaldsstigi, samtímis sem nemendum bjóðist gæðanám við hæfi. Í því sambandi hefur verið gerð úttekt á starfsemi þeirra listdansskóla sem fá greiðslur úr ríkissjóði til listdanskennslu á framhaldsstigi.

3. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Framtíðarsýn fyrir framhaldsskóla er að fleiri einstaklingar verði ábyrgir borgarar í lýðræðisþjóðfélagi þar sem menntunarstig er hátt og kalli atvinnulífs fyrir sérhæft starfsfólk er svarað.

Fyrirhugaðar breytingar:

- Endurskoða og breyta lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, ásamt reglugerðum og einnig aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) ef þarf. Stefnt er að því að frumvarp að nýjum lögum verði lagt fyrir Alþingi haustið 2019.
    - Einfalda regluverk í kringum samninga við opinbera skóla og aðra skóla sem taka til áherslna o.fl. í starfsemi þeirra. Þetta er gert í tengslum við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, og lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
    - Gera stjórnsýslu í kringum starfsmenntun skilvirkari í þeim tilgangi að efla hana. Leiðarljósið er að auka aðgengi nemenda að náminu, skýra leiðir þeirra í gegnum það og opna möguleika til náms þvert á atvinnugreinar og skólastig.
- Endurskoða reglugerð um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla nr. 335/1999 í þeim tilgangi að auka gagnsæi í fjárveitingum. Stefnt er að því að nýtt líkan til að deila út fjárheimildum verði að fullu komið til framkvæmda árið 2021.
- Endurskoða samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng.
- Skoða starfsemi og úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði (sbr. lög nr. 71/2012), á þessu ári, til að skerpa á tilgangi sjóðsins með áherslu stjórnvalda um eflingu starfsmenntunar að leiðarljósi.
- Skoða á árinu 2019 hvernig lög um námsstyrki, nr. 79/2003, þjóna því hlutverki sínu að veita námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun að því leyti sem búseta veldur framhaldsskólanemendum misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám. Samhliða verður reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003 skoðuð. Leiðarljós er áhersla stjórnvalda á að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á útgjöld til málefnasviðsins.

Meginmarkmið málefnasviðsins er að brautskráðir nemendur úr framhaldsskólum landsins verði virkir þátttakendur í samfélaginu, vel undirbúnir fyrir þátttöku á vinnumarkaði og fræðilegt og starfstengt framhaldsnám.

4. MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

Framhaldsskólar.

Til að koma til móts við framtíðarsýn málefnasviðsins eru þrjú markmið skilgreind sérstaklega fyrir málaflokkinn.

1. **Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma** sem er jafnframt liður í því að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Bætt námsframvinda gefur nemendum kost á að hefja vegferð sína fyrr að settu marki og stuðlar að betri nýtingu fjármuna, t.d. til að auka þjónustu við nemendur og efla gæði náms.
2. **Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.** Mikilvægt er að aðgangur nemenda að gæðanámi og fullnægjandi stoðþjónustu sé greiður og nám sé skipulagt með þeim hætti að nemendur geti stundað það því sem næst óháð búsetu.
3. **Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám sem** er liður í því að hækka hlutfall nemenda sem er í starfsnámi og þ.m.t. fjölga þeim sem ljúka því. Ráðuneytið leggur áherslu á að efla gæði starfsþjálfunar með því að bæta utanumhald og taka upp rafrænar ferilbækur sem bæði vinnustaður og skóli nota, bæta gerð námssamninga og endurskoða skipulag nemaleyfisnefnda. Jafnframt verður horft til þess hvort hægt er að auka samstarf skóla og atvinnulífs og bæta starfsþróun tilsjónarmanna nemenda á vinnustað. Einfalda þarf stjórnskipulag starfsnáms, t.d. athuga hvort hægt er að auðvelda samstarf hagsmunaaðila sem nú á sér stað í starfsgreinaráðum og skýra verklag við skilgreiningu starfalýsinga og hæfnikrafa og þátt þeirra við gerð og endurskoðun námsbrautalýsinga. Þegar hefur verið dregið úr kostnaði nemenda í starfsnámi með lækkun efnisgjalda.

Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
1	Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.	Hlutfall nýnema sem eru brautskráðir af bóknáms- og starfsnámsbrautum með námslok á 2. og 3. hæfniþrepi eftir fjögur ár.	55,2%; karlar 48,9% og 61,6% konur (2016).	Að lágmarki 58%	Að lágmarki 62%
		Hlutfall nýnema sem hverfa brott úr námi, innan fjögurra ára.	24,9%; karlar 28,5% og 21,3% konur (2016).	Ekki hærra en 23,5%	Ekki hærra en 22%
		Miðgildi námstíma á námsleiðum til stúdentsprófs, frá innritun nýnema til brautskráningar.	Staðan verður reiknuð fyrir árið 2017 og í framhaldi skilgreind viðmið.		
2	Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.	Kyngreint hlutfall (hlutfallstala) skráðra nemenda í starfsnámi samanborið við nemendur í námi til stúdentsprófs.	5:10; fyrir karla 7,2:10 og fyrir konur 3,3:10 (á landsvísu 2016).	5,5:10 á landsvísu	6:10 á landsvísu
		Kyngreint hlutfall brautskráðra nemenda í starfsnámi samanborið við nemendur í námi til stúdentsprófs.	Staðan verður reiknuð fyrir árið 2017 og í framhaldi skilgreind viðmið.		

		Kyngreint hlutfall nýnema í háskólum af heildarfjölda stúdenta, yngri en 25 ára.	93%; karlar 96% og 90% konur (á landsvísu 2013).	94%	95%
3	Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám.	Fjöldi staðfestra starfsnámsbrauta á 2., 3. og 4. hæfniþrepi, flokkaður í 11 starfssvið.	14 staðfestar á þremur starfssviðum (1. feb. 2018).	Allar staðfestar á öllum starfssviðum.	
		Fjöldi rafrænna ferilbóka í starfsnámi.	0	A.m.k. 5	Rafrænar ferilbækur á öllum starfssviðum.
		Kyngreint hlutfall nemenda á námssamningi af fjölda nemenda í löggiltu iðnnámi.	82,5%; konur 70,0% og karlar 86,4%	85%	87%

Nr.	**Tengist markmiði nr.**	**Aðgerð**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgðaraðili**
1	1	Kallað verður eftir móttökuáætlunum framhaldsskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna og staða þeirra í námi könnuð. Brugðist verður við í samræmi við niðurstöður.	2018–2019	MRN
2	2 og 3	Skilgreina lykiltölur sem gefa upplýsingar um starfsemi á framhaldsskólastigi, brotthvarf og vísbendingar um gæði náms. Ákveðið verður hvernig staðið verður að reglulegri söfnun og birtingu. Kortlagningin nýtist til stefnumótunar.	2017–2019	MRN
3	1 og 3	Þróa og innleiða rafrænar ferilbækur og einfalda stjórnskipulag starfsnáms. Endurskoða lög og reglugerðir.	2017–2022	MRN

Tónlistarfræðsla.

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla taka til skóla sem reknir eru af sveitarfélögum og öðrum sem njóta styrks samkvæmt lögunum. Í þeim er m.a. kveðið á um að tónlistarskólar skuli kenna eftir námskrá sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Aðalnámskráin skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans.

Vinnustaðanám og styrkir.

Tilgangur vinnustaðanámssjóðs er að auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun úr vinnustaðanámssjóði.

Jöfnun námskostnaðar.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun námsstyrkja.

5. FJÁRMÖGNUN

Töluleg umfjöllun um útgjaldaramma málefnasviðsins næstu fimm ára.

Útgjaldarammi í m.kr.	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
20 Framhaldsskólastig	**31.612**	**31.649**	**31.635**	**31.948**	**32.311**